

# *Reglur um dýrahald í Nemendagörðum Hólaskóla*

---

## **1. gr.**

### *Hundahald*

Hundahald er heimilt í Nemendagörðum Hólaskóla að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að leyfi hafi fengist hjá Sveitarfélaginu Skagafirði fyrir hundinum.
- Að viðkomandi leigi íbúð án húsgagna hjá nemendagörðum.
- Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum og í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu að öðru leyti ávallt vera í taumi utanhúss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim.
- Að öðru leyti verði fylgt öllum reglum Sveitarfélagsins Skagafjarðar um hundahald.

## **2. gr.**

### *Kattahald*

Um kattahald gilda sömu reglur og um hundahald.

## **3. gr.**

### *Smádýr í búrum*

Fuglar, nagdýr og önnur smádýr í búrum er heimilt að hafa í Nemendagörðum Hólaskóla leigi viðkomandi íbúð án húsgagna.

## **4. gr.**

### *Leyfisveiting*

Nemendagarðar Hólaskóla gefa skriflegt leyfi fyrir dýrahaldi, sbr. 1. - 2. og 3. gr. Leyfi til hunda og kattahalds verður ekki gefið nema að uppfylltum skilyrðum 1. gr. Skila skal staðfestu afriti frá sveitarfélaginu af skráningu hunds eða kattar á þjónustuborð í upphafi skólaárs.

## **5. gr.**

### *Viðurlög*

Eigendur eða umráðamenn hunda og katta sem brjóta gegn ákvæðum þessara reglna skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef eigandi eða umráðamaður hunds eða kattar vanrækir skyldur sínar varðar það 5.000 kr. sekt.

Ítrekuð brot gegn ákvæðum þessara reglna geta leitt til riftunar leigusamnings milli aðila.

*Hólar, 1. október 2017*

*Nemendagarðar Hólaskóla ses.*